



**Samgöngunefnd Alþingis**

4. mars 2009

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS)  
um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna

Landssamband smábátæigenda er andvíggt frumvarpinu.

LS telur það fyrirkomulag sem smábátæigendur búa við í dag hafi reynst vel og ekki sé ástæða til breytinga þar á.

LS furðar sig á að enn einu sinni skuli vera gerð krafa um lögskráningu á báta sem tilheyra félaginu. LS hefur margsinnis mótmælt þeim áformum og ítrekar þau hér með.

LS bendir á að tiltölulega skammt er frá því lögum um lögskráningu var breytt. Við vinnslu frumvarps þar um skipaði þv. samgönguráðherra starfshóp til að fjalla um þá hópa sem stæðu utan lögskráningar. Starfshópurinn laut forystu Helga Jóhannessonar þá starfandi í samgönguráðuneytinu, nú forstöðumanns stjórnarsýslusviðs Siglingastofnunar. Í álitum sem hópurinn skilaði af sér 14. mars 2001 var full samstaða um að ekki stæðu efni til að kveða á um lögskráningarskyldu allra skipa heldur að miða við 20 brúttótonn og stærri. Í álitum starfshópsins segir eftirfarandi:

„Það er samdóma mat hópsins að efni þyki ekki standa til þess að kveða á um lögskráningarskyldu allra skipa heldur verði miðað við skip 20 brúttótonn og stærri í því efni. Fjöldi skipa undir 20 brúttótonnum er mjög mikill, sjósókn þeirra er óregluleg og verulegt óhagræði og kostnaður myndi fylgja því að leggja slíka skyldu á útgerðarmenn eða skipstjóra þeirra skipa. Til þess að tryggja að áhafnir þessara skipa séu tryggðar með sama hætti og áhafnir skipa sem skylt er að lögskrá á gerir hópurinn tillögu um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, sem kveður á um að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum sem á hann kunna að falla skv. 1. mgr. 171. gr. siglingalaga. Jafnframt er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og kveðið á um að skip minni en 20 brúttótonn fái ekki útgefið haffærisskírteini nema að fyrir liggja yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga.“

Þær lagabreytingar sem hópurinn lagði til hafa allar gengið eftir og framkvæmd þeirra fyrir skip minni en 20 brúttótonn að öllu leyti skilað því sem til var ætlast.

110 ár eru liðin frá því að farið var að lögskrá sjómenn. Fyrir tæpum 80 árum var tekin upp sú framkvæmd sem nú ríkir. LS telur af þessum sökum sérstaka ástæðu til að vekja athygli á að gríðarlegar framfarir hafa orðið í öryggis-, fjarskipta- og menntunarmálum sjófarenda. Allt eftirlit hefur tekið stórstíguum framförum, hver hreyfing er vöktuð af opinberum stofnunum. Ströng viðurlög gilda ef vikið er frá reglum, má þar nefna sviptingu haffærisskírteinis. Öll skip eru skoðuð árlega og mikill metnaður áhafnar að allt sé í stakasta lagi. Skipverjar eru þrautþjálfaðir í að tryggja öryggi sitt sem best og í viðbrögðum við erfiðum aðstæðum sem upp geta komið. Það sem hér er nefnt auk stöðugs áróðurs um bætt öryggi sjófarenda hefur á undanförunum árum skipað Íslenskum sjófarendum í fremstu röð varðandi lága tíðni sjóslýsa.

Að framansögðu er einnig ljóst að þau markmið sem frumvarpinu er ætlað að ná og fram koma í 1. gr. þess eru ekki síður tryggð með því eftirlits-, vöktunar- og reglugerðarumhverfi sem í gildi er.

LS ítrekar þá skoðun sína að lögskráningarskylda á ekkert erindi til minni báta og telur það fhugunarefni að hvort ekki eigi að færa mörkin ofar en kveðið er á um í gildandi lögum.

LS vekur athygli á að verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir smábátaeigendur sem ekki er verjandi að leggja á við ríkjandi þjóðfélagsaðstæður.

**Virðingarfyllst,**



Örn Pálsson framkvæmdastjóri